

# Lög

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (tölvubrot).

### 1. gr.

Við 155. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:  
Sömu refsingu varðar að nota fölsuð gögn, sem geymd eru á tölvutæku formi, til að blekkja með þeim í lögskiptum.

### 2. gr.

Við 157. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um notkun ófalsaðra gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

### 3. gr.

Við 158. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um rangfærslu og notkun upplýsinga og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

### 4. gr.

Við 1. mgr. 228. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögsmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.

### 5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 249. gr. a, svohljóðandi:  
Ef maður á ólögsmætan hátt breytir, bætir við eða eyðileggur tölvuvélbúnað, eða gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi, eða hefur með öðrum hætti gert ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, varðar það fangelsi allt að 6 árum.

### 6. gr.

Við 1. mgr. 257. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 31. mars 1998.*